

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.03.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál

Þessi umsögn Skjásins berst seint til nefndasviðs sökum þess að ekki barst beiðni þar að lútandi fyrir umfjöllun menntamálanefndar. Undirritaður hefur þegar gengið á fund nefndarinnar og gert grein fyrir helstu athugasemdum Skjásins.

Að mati Skjásins er tímabært að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið (RÚV) og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Leggja ber áherslu á að útvarpsrekstur er atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi. Lög sem um slíka starfsemi gilda þurfa því að vera almenns eðlis og laus við mismunun sem ekki á sér málefnalegar forsendur. Í maginatriðum tekur Skjárinn undir allar athugasemdir Samtaka Atvinnulífsins sem þegar hafa verið lagðar fram en vill einnig koma á framfæri frekari athugasemdum um skilgreingu á útvarpi í almannabágu og stöðu RÚV á auglýsingamarkaði.

Hið nýja frumvarp felur í sér framför frá því sem áður var, sem einkum felst í því að ráðgert er að hlutafélag í 100% eigu ríkisins verði stofnað um reksturinn í stað sameignarfélags áður. Þá er það til bóta að gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjárhagslegur aðskilnaður verði milli útvarps í almannabágu og annarrar hugsanlegrar starfsemi Ríkisútvarpsins.

Skjárinn vill benda á að skilgreining á útvarpi í almannabágu er nær engin í frumvarpinu. Hlutverk útvarps í almannabágu er skilgreint í 14 tölusettum liðum þar sem finna má setningar á borð við “að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri” og “að framleiða og dreifa hverskonar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á svið fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar.”. Það ætti að vera öllum ljóst sem lesa slíkan texta að Ríkisútvarpinu verður gert kleift að keppa á öllum vígstöðvum ljósvakamiðlunar. Í ljósi þessarar óheftu skilgreiningar verður 5. grein frumvarpsins algerlega gagnslaus.

Í greinum um tekjur Ríkissjónvarpsins er gert ráð fyrir að tekjustofnar verði tveir. Í fyrsta lagi nefskattur og í öðru lagi auglýsingatekjur. Athugasemdir Skjásins snúa aðallega að auglýsingatekjum. Það er með öllu óásættanlegt að ríkisstofnun sé í fullri samkeppni við einkaaðila í sölu á auglýsingum þar sem aldrei verður jafnræði á milli einkaaðila og ríkisfyrirtækis sem tryggðir eru ríflega 2 milljarðar árlega af skattfé. Ef ekki er pólitískur vilji til að draga RÚV alfarið af auglýsingamarkaði ber að lágmarki að setja fram skýra löggiöf um hvernig skal staðið að sölu auglýsinga. Þessi athugasemd er sett fram sökum þess að þó svo að í núgildandi lögum se kveðið á um að auglýsingagjaldskrá RÚV sé staðfest af útvarpsstjóra




Skjárinn
- á þínu valdi!

Þá tíðkast í miklu magni að gefið sé allt að 40% afsláttur til auglýsenda, krosssala á milli útvarps og sjónvarps, sala tengd árangri o.s.v.frv. Slík samkeppnishegðan ríkissöfnunar er með öllu óþolandi fyrir samkeppnisaðila í einkarekstri án ríkisstyrkja.

Með vísan til framanritaðs til viðbótar við athugasemdir Samtaka Atvinnulífsins getur Skjárinn ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,
f.h. Skjásins


Magnús Ragnarsson
framkvæmdastjóri